

REGLUGERÐ

um hagræðingar- og framkvæmdalán til fyrirtækja í sjávarútvegi.

1. gr.

Stofna skal nýja sérstaka fjárhagslega aðgreinda deild við Fiskveiðasjóð Íslands er heiti „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.“ Fé það, sem tekið er að láni samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 46/1983 og rennur til Fiskveiðasjóðs Íslands til útlána til fyrirtækja í sjávarútvegi skal renna til þessarar deildar. Lántaka þessi og lánveitingar þessarar deildar Fiskveiðasjóðs skulu ekki hafa áhrif á fjárhag sjóðsins að öðru leyti og endurgreiðsla fyrrgreinds láns fari fram af því fé, sem innheimtist af útlánnum deildarinnar. Úr þessari deild skulu veitt lán til fyrirtækja í sjávarútvegi til hagræðingar, fjárhagslegrar endurskipulagningar og til að leysa sérstök staðbundin vandamál. Þau fyrirtæki sem eru í alvarlegum rekstrarvanda og þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað skulu hafa forgang samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bættis skipulags í veiðum og vinnslu.

2. gr.

Ráðherra skipar nefnd 4ra sérfróðra manna á sviði stjórnunar og rekstrar fyrirtækja í sjávarútvegi, er fjalla skal um lánsbeiðnir og skulu lán veitt samkvæmt tillögum nefndarinnar og samþykki ráðherra. Við úthlutun lánanna skal þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildarnýtingar fjármagns.

3. gr.

Lánin skulu vera til allt að 7 ára og er heimilt að ákveða að allt að tvö fyrstu árin séu afborgunarlaus. Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma eftir eðli hvers láns.

Lánin skulu bundin lánskjaravísitölu, þannig að höfuðstóll þeirra breytist í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu og ársvextir vera 2%.

Gjald dagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftir á.

4. gr.

Um tryggingar, veð eða ábyrgðir skulu lán þessi óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976. Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af váttryggingarverði, þ. e. brunabótamati húsa og váttryggingarverði véla, tækja og áhalda eða fiskiskípum innan 90% af húftryggingarmati þeirra. Nægi ekki umrædd veð er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

5. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 46 5. apríl 1983 um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.